

AUGLÝSING

um breytingu deiliskipulags Melahverfis 1, Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 8. mars 2016 breytingu deiliskipulags Melahverfis 1.

Breyting deiliskipulagsins felur í sér að byggingarskilmálum íbúðarhúsa er varðar fjölda hæða byggingar er breytt. Engar breytingar eru gerðar á uppdrætti deiliskipulagsins. Eftir breytingu má íbúðarhús vera tvær hæðir í stað einnar. Önnur atriði skipulagsins eru óbreytt.

Breyting deiliskipulagsins hefur hlotið meðferð, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 31. maí 2016,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 14. júní 2016